

Alþingi  
Erindi nr. P 126/2083  
komudagur 26.4.2001



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndarsvið Alþingis  
B.t.Sigrúnar Birnu Einarsdóttur  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

HGS/

Rvk. 25.04.2001

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu, 566. mál.**

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu, 566. mál. Meginefni frumvarpsins er að fella að mestu brott leifar af vaxtaákvörðunum Seðlabankans. Heimilt verður að semja um dráttarvexti, að vissu marki þó, í stað þess að Seðlabanki ákveði þá. Sérreglur um dráttarvexti í erlendri mynt falli niður. Stuðlað verði að því að menn semji um vexti sín á milli en noti ekki meðalvexti sem Seðlabanki reiknar út. Seðlabankinn muni því birta lægstu vexti banka og sparisjóða í stað meðalvaxta. Þá er lagt til að viðmið skaðabótavaxta hækki. Lagðar eru til breytingar á reglum um verðtryggingu á þann veg að Seðlabankanum verði heimilt, en ekki skylt, að ákveða lágmarkstíma verðtryggðra innlána. Þá verði ekki heimilt lengur að gengistryggja skuldbindingar í íslenskum krónum.

Samtök atvinnulífsins styðja í meginatriðum þær breytingar sem í frumvarpinu felast. Þó telja samtökin ástæðulaust að leggja hömlur á frjálsa samninga um dráttarvexti og notkun verðtryggingar í samningum manna á milli. Þá er vandséð hvaða tilgangi það þjónar að setja í lög hvaða verðvísitölur má nota í almennum skuldabréfaviðskiptum. Einnig er illskiljanlegt hvers vegna lagt er til að óheimilt verði að gengistryggja skuldbindingar, einkum þar sem fram kemur í greinargerð að sú heimild hafi lítt verið notuð. Benda má á að í afleiðuviðskiptum er hægt að semja um hvaða viðmiðanir sem er. Að frátöldum þessum athugasemdum mæla Samtök atvinnulífsins með samþykkt þessa frumvarps.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri.